

Ár 1982, föstudaginn 22. janúar, var í málinu nr. 10/1981 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi


ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 20. mars 1981, kærðu eigendur fasteignarinnar nr. 6 við Kirkjutorg í Reykjavík fasteignamat eignarinnar til Yfirfasteignamatsnefndar. Telja þeir mat lóðarinnar of hátt. Leggja þeir áherslu á, að á lóðinni standi gömul hús og af þeim sökum sé ekki um hagkvæma nýtingu lóðarinnar að ræða. Hafi fasteignamat lóða verið lækkað í slíkum tilvikum.


Um er að ræða 290,3 m<sup>2</sup> lóð, sem var metin á kr. 85.016.000,- í fasteignamati því, sem gekk í gildi 1. desember 1980. Lóðin er verðmæt legu sinnar vegna, en á henni standa hins vegar gömul hús frá því um eða fyrir síðustu aldamót. Eru hús þessi ekki þannig úr garði gerð, að þau bjóði upp á hagkvæma nýtingu. Hagkvæmustu nýtingu lóðarinnar verður því ekki komið við, nema húsin verði rifin og nýtt hús byggt. Með hliðsjón af þessu og aðstöðu lóðarinnar í byggingarlegu og skipulagslegu tilliti telst matsverð hennar hæfilega ákveðið gkr. 72.000.000,- í fasteignamati því, sem tók gildi 1. desember 1980.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Matsverð lóðarinnar nr. 6 við Kirkjutorg í Reykjavík ákveðst gkr. 72.000.000,- í fasteignamati því, sem öðlaðist gildi 1. desember 1980.

  
Gaukur Þórundsson

  
Pétur Stefánsson

  
Guðmundur Magnússon